

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 592/2008 frá 17. júní 2008 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almanna-tryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 0592**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 592/2008 frá 17. júní 2008 (Stjtið. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 592/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 102, og EES-viðbætir við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.